



Alþingi
Nefndasvið – umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/048/9,6/ DS/sig
Reykjavík 28. maí 2010

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga (EES-reglur, heildarlög), 549. mál.

Landhelgisgæslan fékk drög að frumvarpi þessu til skoðunar frá umhverfisráðuneyti er verið var að vinna að gerð þess og gerði þá engar athugasemdir. Landhelgisgæslan hafði þá fengið þær upplýsingar að sjómælingagögn stofnunarinnar heyrðu ekki undir frumvarpið. Með eftirfarandi almennum athugasemdum vill Landhelgisgæslan taka af öll tvímæli varðandi þetta og treystir því að ákvæði 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins eigi við um sjómælingagögn stofnunarinnar en þar segir:

Lög þessi hafa ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir lög.

Landhelgisgæslan hefur með sjómælingum aflað gagna um dýpt sjávar umhverfis landið og er stöðugt verið að vinna í endurgerð sjókorta og útgáfu nýrra á grundvelli þeirra gagna auk fleiri upplýsinga til sjófarenda. Það er forsenda fyrir öryggi sjófarenda að sem nákvæmust gögn um dýpt sjávar umhverfis landið séu aðgengileg.

Í 17. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 segir m.a. að ríkið sé eigandi að öllum höfundaréttindum sem Landhelgisgæsla Íslands og Sjómælingar Íslands hafa öðlast. Landhelgisgæslan miðli upplýsingum og sé heimilt að veita aðgang að gögnum á sviði sjómælinga og að Landhelgisgæslunni sé heimilt að afla sér tekna með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar.

Íslenska ríkið er aðili að samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 1948 með síðari breytingum en samþykktin tók gildi á Íslandi 8. nóvember 1960. Landhelgisgæslan/sjómælingasvið uppfyllir skuldbindingar Íslands skv. alþjóðasamningum, m.a. um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) frá 1974. Eins og sjómælingastofnir um allan heim, selur Landhelgisgæslan sjókort á pappírs- og rafrænu formi og hefur talsverðar höfundaréttartekjur bæði frá innlendum og erlendum stofnunum og einkafyrirtækjum.

Landhelgisgæslan getur skv. framansögðu ekki veitt aðgang að grunngögnum en mun veita aðgang að lýsigögnum í vefgátt um landupplýsingar.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.